
Heiðarár- og Þverárvirkjun, Bláskógabyggð Ákvörðun um matskyldu

INNGANGUR

Þann 20. desember 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Lækjarhvammi Orku ehf. um fyrirhugaða Heiðarár- og Þverárvirkjun í Bláskógabyggð til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 3 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Bláskógabyggðar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins (nú Minjastofnun Íslands), Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Bláskógabyggð með bréfi dags. 12. janúar 2012, Fornleifavernd ríkisins með bréfum dags. 10. janúar 2012 og 3. febrúar 2012, Fiskistofu með bréfi dags. 17. janúar 2012 og tölvupósti 2. febrúar 2012, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 18. janúar 2012, Orkustofnun með bréfi dags. 12. janúar 2012 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 10. janúar 2012, 6. febrúar 2012 og 12. desember 2013. Frekari upplýsingar bárust frá Lækjarhvammi Orku ehf. með tölvupóstum dags. 31. janúar 2012 og 4. desember 2013.

Umsagnir Bláskógabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Orkustofnunar gáfu ekki tilefni til efnislegra viðbragða frá hendi framkvæmdaraðila. Skipulagsstofnun vekur athygli á því að tvö ár liðin frá því að tilkynnt var um virkjunina til stofnunarinnar: Dregist hefur að ljúka málinu vegna þess að framkvæmdaraðili tók sér góðan tíma til að afla gagna til að bregðast við umsögnum Umhverfisstofnunar. Þau gögn bárust Skipulagsstofnun 4. desember sl.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að reisa allt að 480 kW rennslisvirkjun í Heiðará og Þverá í landi Lækjarhvamms í Bláskógarbyggð. Framkvæmdir felist í byggingu aðveitulagnar, tveggja inntaksstíflna, niðurgrafinnar þrýstipípu á milli inntaksstíflna og frá neðri inntaksstíflu að stöðvarhúsi, stöðvarhúss og frávatnsstokks frá stöðvarhúsi að Grafará, ásamt lagningu vegslóða að stöðvarhúsi og inntaksstíflum.

Eldri virkjanir. Fram kemur að fyrir sé lítið inntakslón í Grafará og þaðan liggja þrýstivatnslögn að stöðvarhúsi. Sú virkjun sé 100 kW og hafi verið byggð árið 1991 og sé þriðja virkjunin sem reist sé í ánni. Fyrsta virkjunin hafi verið reist árið 1930. Eldri virkjanirnar tvær hafi verið aflagðar og fjarlægðar.

Umfang mannvirkja. Í greinargerð kemur fram að reistar verði tvær stíflur í sitt hvorri ánni. Um sé að ræða hefðbundnar jarðvegsstíflur, þ.e. varnargarður með kjarna og varnarlagi. Stífla í Heiðará verði í 115 m.y.s., 50 m breið og 4 m há. Efnispörf vegna byggingar hennar sé 1.500 m³. Inntakslónið í Heiðará sé um 0,2 ha að umfangi, þar af fari um 0,1 ha út fyrir farveg árinna. Stífla í Þverá verði í 114 m.y.s., 100 m breið og 5 m há. Um 3.000 m³ af efni þurfi í stífluna. Inntakslónið í Þverá sé um 0,5 ha að umfangi, þar af fari um 0,4 ha út fyrir farveg

árinnar. Í báðum tilfellum verði sveiflur á vatnsborði lóna óverulegar og svæði sem fari undir inntakslón séu ekki frábrugðin svæðum umhverfis.

Lagðar verði tvær niðurgrafnar aðveitulagnir. Önnur verði 180 m löng, um 0,4 m í þvermál og muni liggja frá lindum við fjárhús að stíflu við Heiðará. Hin aðveitulögnin verði 200 m löng, um 1 m í þvermál og muni liggja frá stíflu við Heiðará að stíflu við Þverá. Frá inntaki í stíflu við Þverá muni liggja niðurgráfin þrýstipípa að stöðvarhúsi, sem verði um 950 m löng og um 1 m í þvermál. Gráfinn verði um 2 m breiður skurður vegna lagningar þrýstilagna. Lagður verði niðurgráfinn stokkur fyrir útrennsli frá stöðvarhúsi að Grafará, 50 m langur og um 1,2 m í þvermál.

Fram kemur að stöðvarhús sé um 50 m² og um 3 m á hæð og verði með svipuðu útliti og núverandi hús. Orkan verði flutt með jarðstreng frá stöðvarhúsi að línu RARIK, um 1,5 km leið. Ekki sé þörf á neinum mannvirkjum við tengingu strengsins við línuna. Að mestu verði notast við núverandi vegi og slóða en þó þurfi að leggja um 30 m veg að stöðvarhúsi, um 300 m langan vegslóða að stíflu í Þverá og um 150 m vegslóða að stíflu í Heiðará.

Efnistaka. Í greinargerð kemur fram að auk 4.500 m³ efnis í stíflur þurfi um 700 m³ í vegi. Efni verði tekið úr grúsarnámu skammt frá útihúsum í landi Lækjarhvamms. Jafnframt verði efni nýtt í stíflugerð með því að ýta því upp úr fyrirhuguðu lónsstæði og taka það úr melhrygg. Efni sem til falli við uppgröft vegna þrýstilagnar verði lagt niður með pípunni.

Frágangur í verklok. Fram kemur að leitast verði við að láta vegslóðana falla sem best að umhverfinu. Stíflur verði byggðar úr blöndu af jarðvegi og grús úr námu og frágangur miði að því að græða upp stíflur að utan svo þær falli að landslagi. Á framkvæmdatíma verði rask í lónstæði og meðfram stíflu. Efsta lagi jarðvegs verði haldið til haga og jafnað aftur yfir svæðið í verklok. Ekki þurfi að skipta um jarðveg í skurði með þrýstipípu. Leitast verði við að láta öll mannvirki falla sem best að umhverfinu þannig að sem minnst sjónmengun hljótist af. Allt jarðrask verði jafnað út og sáð í sár. Borinn verði áburður í svæðið til að flýta því að það jafni sig og aðlagist umhverfi sínu.

Áhrif á landslag, sjónræn áhrif og útivist. Í greinargerð kemur fram að landslag sé að hluta tún og landbúnaðarland og að hluta heiðalandslag. Land sé gróið og lækki frá Heiðarbrún að Lækjarhvammi. Landið sé hluti af jörðinni Lækjarhvammi. Nokkuð sé um útivist á svæðinu en engar merktar slóðir séu á svæðinu. Stöðvarhús verði hálfniðurgráfið og verði því um 3 m yfir landslaginu. Það hvílir í smá dæld í landslagi og verði því sjónræn áhrif þess lítil. Allar lagnir séu gráfnar í jörðu og inntaksstíflurnar tvær falli inn í landslagið þar sem þær séu staðsettar rétt neðan við Heiðarbrúnina þar sem hæðarmismunur feli þær að mestu. Sjónræn áhrif lagnanna verði því lítil.

Áhrif á gróður og fuglalíf. Fram kemur að Heiðará og Þverá séu ekki fiskgengar vegna núverandi virkjunar. Áhrif á lífríki Grafarár verði lítil þar sem rennslið sé nú þegar skert vegna eldri virkjunar. Hins vegar muni skerðingin vegna fyrirhugaðrar virkjunar verða 600 m lengri þar sem stöðvarhús fyrirhugaðrar virkjunar standi neðar við ána heldur en núverandi stöðvarhús. Árfarvegur Grafarár verði aldrei þurr þar sem lækir og lindir renna í ána neðan við stíflurnar. Lítil fiskgengd sé í ánni vegna hindrunar við þjóðveg og áin sé ekki nýtt til fiskveiða á þessum kafla og því hafi skerðingin á rennsli árinna ekki áhrif á veiðihagsmuni.

Framkvæmdarsvæðið sé rétt neðan við Heiðarbrún, þar sé land gróið og grunnvatn standi hátt. Ekki sé vitað til þess að þar finnist plöntur á valista. Virkjunarsvæðið teljist ekki sérstakt vegna gróðurs. Inntakslón muni ekki hafa áhrif á grunnvatnsstöðu, þar sem þarna

falli til mikið vatn (bæði grunnvatn og ofankoma) á öllu svæðinu. Á framkvæmdarsvæði sé töluvert um mófugla. Ekki sé gert fyrir miklum áhrifum á fugla á virkjunarsvæði þar sem það er lítið umfangs.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að búið sé að skrá fornleifar á jörðinni Lækjarhvammi. Vitað sé um fornminjar (Grafarhali rúst) í námunda við framkvæmdasvæðið og verði þess gætt að raska þeim ekki.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við aðalskipulag og kalli því ekki á breytingu á því. Ekki liggi fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir framkvæmdasvæði virkjunarinnar. Framkvæmdin hafi verið kynnt fyrir skipulags- og byggingarnefnd uppsveita Árnessýslu.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Bláskógabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Orkustofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á lífríki vatnsfalla. Í umsögn Fiskistofu kemur fram að Fiskistofa sendi framlögð gögn framkvæmdaraðila til umsagnar til Veiðimálastofnunar sem telji að Grafará sé mikilvæg hrygningará fyrir urriða og bleikju úr Apavatni og því mikilvægt að meta þau áhrif, sem virkjunin hafi á minnkað rennsli í Grafará á 900 metra kafla. Í þessu sambandi sé rétt að benda á að urriði hrygni einvörðungu í rennandi vatni og tiltölulega fáar ár renni til vatnsins af Lyngdalsheiði og nærliggjandi hæðum. Því sé eðlilegt að skoða hvort umrædd virkjun hafi veruleg áhrif á uppeldi urriða og bleikju í Grafará. Í ljósi þessa sé nauðsynlegt að fram fari fiskifræðileg úttekt á svæðinu áður en framkvæmdir hefjist við gerð virkjunar og hvort koma megi við einhverjum mótvægisáðgerðum ef þurrkun Grafarár valdi verulegu tjóni á uppeldisskilyrðum.

Í frekari umsögn Fiskistofu var fallist á að fiskifræðileg úttekt lægi fyrir áður en stofnunin veitti leyfi fyrir starfseminni.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að kanna þurfi betur hvaða áhrif skerðing á rennsli Þverár og Heiðarár gæti haft á lífríkið á neðri hluta vatnasviðsins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann hafi leitað til Veiðimálastofnunar eftir mati á áhrifum framkvæmdanna á búsvæði fiska á framkvæmdasvæðinu. Í greinargerð stofnunarinnar kemur fram að í Grafará gangi bleikja og urriði úr Apavatni til hrygningar. Rennsli muni skerðast frá fyrirhuguðum stíflum í Heiðará og Þverá að hluta eða að mestu leyti að Kaldagili eða á um 700 m löngum kafla og í Grafará. Þrátt fyrir rennslisminnkunina sé talið líklegt að fiskgengt verði áfram upp í Kaldagil og uppeldi seiða verði til staðar í Grafará á skertum svæðum. Niðurstaða Veiðimálastofnunar sé að minni seiðaframleiðsla í Grafará skerði þann fjölda seiða sem áin gefur til Apavatns og geti þannig dregið úr veiði í Apavatni. Hlutfallslega vegi hún ekki þungt þar sem stór hrygningar- og uppeldissvæði urriða og bleikju séu í öðrum ám sem falli í vatnið auk þess sem bleikja hrygni líklega í vatninu sjálfu.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að að teknu tilliti til niðurstöðu Veiðimálastofnunar um takmörkuð áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á fiskistofna í Apavatni og staðbundin áhrif á lífríki í farvegum Heiðarár, Þverár og Grafarár telji Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að sú fornleifaskráning sem vitnað sé til í greinargerð framkvæmdaraðila taki ekki til framkvæmdasvæðisins og þurfi að fá fornleifafræðing til að kanna svæðið á vettvangi. Því telji stofnunin að framkvæmdirnar skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann hafi fundað með Fornleifavernd ríkisins og þar hafi verið ákveðið að fá fornleifafræðing til að skoða og skrá framkvæmdarsvæðið þegar snjóalög minnkuðu og frost væri farið úr jörðu. Lækjarhvammur Orka ehf. muni hlíta þeim kröfum og ábendingum sem Fornleifavernd ríkisins muni koma með og ráðast í þær mótvægisáðgerðir sem þörf sé á.

Í frekari umsögn Fornleifaverndar ríkisins er fallist á þá tilhögun að fenginn verði fornleifafræðingur til að skrá fornleifar á svæðinu og að niðurstöðum skráningarinnar verði komið til stofnunarinnar áður en framkvæmdir hefjist. Í ljósi þessa og í trausti þess að staðið verði við gefin fyrirheit telji Fornleifavernd ríkisins að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða að reisa allt að 480 kW rennslisvirkjun í Heiðará og Þverá í landi Lækjarhvamms í Bláskógabyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að neikvæðustu áhrif framkvæmdanna verði vegna breytinga á vatnafari vatnsfallanna frá stíflu að stöðvarhúsi. Ljóst er að í mestu sumarþurrkum mun nánast allt vatn hverfa á þessum kafla en lindir á svæðinu gera það að verkum að lágmarksrennsli verður þó alltaf í farvegum. Áhrifin ná þó ekki til umfangsmikils svæðis en verða staðbundið talsvert neikvæð. Fyrir liggur að áhrif á fiskistofna í Apavatni verða ekki veruleg þar sem skerðing búsvæða fisks í Grafará er lítil hluti hrygningarsvæðis fisks úr Apavatni. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á gróður, fugla, landslag og útivist verði óveruleg. Stofnunin byggir það á því að umfang framkvæmdanna er lítið og fyrirhugað er að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra með frágangi í verklok. Áhrif framkvæmdanna á menningarminjar liggja ekki fyrir að fullu fyrr en fornleifaskráning með vettvangsskoðun fornleifafræðings hefur farið fram. Því er brýnt að slík skráning fari fram og verði borin undir Minjastofnun Íslands (áður Fornleifavernd ríkisins) áður en framkvæmdaleyfi verður veitt. Brýnt er að gerð deiliskipulagsins taki mið af niðurstöðu fornleifaskráningar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Lækjarhvamms Orku ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Lækjarhvamms Orku ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að Heiðará- og Þverárvirkjun í Bláskógabyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun byggir niðurstöðu sína á viðmiðunum í 3. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum þar sem hvorki umfang framkvæmda, staðsetning þeirra né eiginleikar eru þess eðlis að þær séu líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingaleyfi Bláskógabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr.

112/2012. Niðurstöður fornleifaskráningar þarf að bera undir Minjastofnun Íslands og afla leyfis ef raska þarf fornleifum. Afla þarf leyfis hjá Fiskistofu vegna framkvæmda í og við fiskgeng vötn skv. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og einnig leyfis Orkustofnunar skv. 68. gr. vatnalaga nr. 15/1923 vegna vatnsmiðlunar. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 21. janúar 2014.

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson



Skipulagsstofnun